

Alþingi  
Erindi nr. P 140/410  
komudagur 24.11.2011

Alþingi  
Nefndarsvið  
Austurstræti 8-10  
150 REYKJAVÍK

Tilvísun: 20101105140

Reykjavík, 21.11.2011

**Efni: Frumvarp til laga um breytingu á lögum um Lánasjóð íslenskra námsmanna nr. 21/1992, með síðari breytingum, 38. mál.**


Lánasjóði íslenskra námsmanna hefur borist til umsagnar frumvarp til laga um breytingu á lögum um Lánasjóð íslenskra námsmanna, 38. mál og óskar eftir að koma á framfæri eftirfarandi sjónarmiðum.

Í lögum nr. 21/1992 er ekki að finna neinar takmarkanir varðandi hámarksaldur lánþega sjóðsins. Á þeim forsendum geta allir þeir sem uppfylla almenn skilyrði sjóðsins sótt um námslán fram eftir öllum aldri. Ef gera á þær breytingar að greiðendur námslána þurfa ekki að greiða af námslánum sínum eftir 67 ára aldur er nauðsynlegt að setja sambærilegar takmarkanir varðandi útlán eða endurgreiðslu lána. Í Svíþjóð er þessu þannig fyrir komið að greiðandi borgar af námláni jafnaðargreiðslu í hámark 25 ár. Ef það eru færri en 25 ár þangað til námsmaðurinn verður 60 ára, styttest endurgreiðslutíminn og hver afborgun hækkar í samræmi, þannig að lánið verði uppgreitt við 60 ára aldur.

Í því frumvarpi sem nú liggur fyrir er ekki gert ráð fyrir neinum breytingum á endurgreiðslu né takmörkunum á útlánum vegna aldurs. Á sama tíma er verið að leggja til breytingar sem munu hafa í för með sér verulegar afskriftir fyrir sjóðinn. Enn fremur mun þessi breyting hafa þau áhrif að framlag ríkisins til sjóðsins á hverju ári þurfi að hækka þar sem í dag er gert ráð fyrir í reiknilíkani Ríkisendurskoðunar að greiðendur endurgreiði lán sín í samræmi við væntar lífslíkur.

Loks vill stjórn sjóðsins benda á að í sumar skipaði menntamálaráðherra nefnd sem vinnur að endurskoðun laga um LÍN. Stjórn sjóðsins telur eðlilegt að þessum hugmyndum um breytingar á lögum um LÍN verði vísað til umræddar nefndar til nánari umræðu og útfærslu.

Virðingarfyllt  
f.h. stjórnar LÍN

  
Guðrún Ragnarsdóttir  
framkvæmdastjóri